

Stefna Hédins í öryggis- og heilbrigðismálum

ÖHU stefna Hédins er:

- Stefna Hédins er að starfa á ábyrgðafullan hátt í samfélaginu og að í allri starfseminni sé öryggi og heilbrigði starfsmanna höfð að leiðarljósi.

Markmið í öryggismálum

- Að starfsumhverfið sé öruggt.
- Vera traust og áreiðanlegt fyrirtæki gagnvart starfsmönnum og öryggismálum þeirra.
- Að efla vitund starfsmanna um öryggis- og heilbrigðismál með reglubundinni fræðslu og þjálfun.
- Að fylgja kröfum laga og reglna svo og öðrum kröfum varðandi öryggis- og heilbrigðismál.

Leiðir að markmiðum

- Með því að kynna stefnu og vinnufyrirkomulag fyrir öllu starfsfólki þar sem markviss fræðsla og þjálfun starfsfólks eru frumforsenda öruggs vinnuumhverfis.
- Nota öflugt gæðakerfi sem nýtist sem kerfisbundin stjórnun við að setja markmið og til þess að stuðla að stöðugum umbótum.
- Með skilvirkum samskiptum, gerð áhættugreininga og fylgni við lög og reglur er hægt að lágmarka áhættu.
- Starfsmönnum er lagður til allur nauðsynlegur öryggisbúnaður og lögð áhersla á að starfsmenn Hédins fari eftir öryggisreglum fyrirtækisins í vinnu sinni auk þess að fara eftir öryggisreglum á viðkomandi verkstað.

Ábyrgð

- Framkvæmdastjóri Hédins ber ábyrgð á stefnu fyrirtækisins.
- Gæða-, umhverfis- og öryggisstjóri ber ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni stefnunnar.
- Öllum starfsmönnum Hédins ber að vinna samkvæmt stefnunni.
- Samstarfsaðilar, verktakar og birgjar bera ábyrgð á að samningsbundnum verkferlum sem tryggja eiga að stefnunni sé fylgt.
- Allir starfsmenn Hédins bera ábyrgð á að tilkynna öryggisfrávik.

Framkvæmdastjóri Hédins sér til þess að allir starfsmenn fyrirtækisins þekki og skilji stefnuna og hafi hana að leiðarljósi í starfi sínu.

Hafnarfjörður, 12. febrúar 2024

Eðvarð Ingi Björgvinsson

Eðvarð Ingi Björgvinsson
Framkvæmdastjóri